

Stofnanasamningur

milli Visku og Landspítala um forsendur röðunar starfa.

1 Inngangur

Viska og Landspítali gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur og röðun starfa sem tilheyra Visku við stofnunina, skv. ákvæðum 11. kafla gildandi kjarasamnings.

2 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Visku og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

3 Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið stofnanasamningsins:

- að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunar og hvetji til árangurs
- að tryggja stofnunni hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi
- að launakerfið yti undir að starfsmenn auki við hæfni sína og þróist í starfi
- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti
- að komið verði í veg fyrir launamun sem rekja má til kynferðis eða annarra ómálefnalegra þátta

4 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

5 Starfaflokkun til launa og grunnröðun

Samningur þessi nær til eftirtalinnna starfaflokka sem eru skilgreindir og grunnraðað til launa með eftirfarandi hætti. Við flokkun starfa skal miðað við að um sé að ræða viðvarandi verk- og ábyrgðarsvið samkvæmt starfslýsingu. Grunnröðun í launaflokka miðast við 180 ECTS grunnnám (BA/BS). Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs.

Störf sem krefjast 3 ára náms (grunnlaunasetning miðast við 180 ECTS grunnnám):

Starfaflokkur

Launafi-þr. á bili

Háskólamenntaður starfsmaður A (0-12 mán í starfi)	08-0
Háskólamenntaður starfsmaður B (12-24 mán í starfi)	09-0
Háskólamenntaður starfsmaður C (eftir 2 ár í starfi)	09-1
Háskólamenntaður starfsmaður D (eftir 5 ár í starfi)	10-0 – 11-0
Bókasafnsfræðingur A (0-12 mán í starfi)	08-0
Bókasafnsfræðingur B (12-24 mán í starfi)	09-0
Bókasafnsfræðingur C (eftir 2 ár í starfi)	09-1
Bókasafnsfræðingur D (eftir 5 ár í starfi)	10-0 – 11-0

Svefnmælifræðingur A (0-12 mán í starfi)	08-0
Svefnmælifræðingur B (12-24 mán í starfi)	09-0
Svefnmælifræðingur C (eftir 2 ár í starfi)	09-1
Svefnmælifræðingur D (eftir 5 ár í starfi)	10-0 – 11-0
Verkefnastjóri 1	10-0 – 13-0
Verkefnastjóri 2	14-0 – 15-0
Verkefnastjóri 3	16-0 – 17-0
Deildarstjóri	XX

Störf sem krefjast 5 ára náms (grunnlaunasetning miðast við 300 ECTS grunnnám):

Kennari / Prestur

Kennari/Prestu A	10-0
Kennari/Prestur B	11-0
Kennari/Prestur C	11-1
Kennari / Prestur D	12-0

Störf tiltekin í áfangasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins 18. ágúst 2025:

Störf sem krefjast 3 ára náms (grunnlaunasetning miðast við 180 ECTS grunnnám):

Íþróttfræðingur:

Íþróttfræðingur A	09-0
Íþróttfræðingur B (eftir 1 ár)	09-1
Íþróttfræðingur C1 (eftir 2 ár)	10-0
Íþróttfræðingur C2 (eftir 3 ár)	10-1
Íþróttfræðingur C3/C4 (eftir 4-6 ár)	10-2
Íþróttfræðingur D1 (eftir 6 ár)	11-2
Íþróttfræðingur D2 (eftir 7 ár)	11-3
Íþróttfræðingur D3/D4 (eftir 8 ár)	12-2
Íþróttfræðingur E1	13-1
Íþróttfræðingur E2	14-1

Störf sem krefjast 5 ára náms (grunnlaunasetning miðast við 300 ECTS grunnnám):

Listmeðferðfræðingur / Talmeinafræðingur:

Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur	11-0
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur B (eftir 1 ár)	11-1
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur C1 (eftir 2 ár)	12-0
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur C2 (eftir 3 ár)	12-1
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur C3/C4 (eftir 4-6 ár) ...	12-2
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur D1 (eftir 6 ár)	13-2
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur D2 (eftir 7 ár)	13-3
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur D3/D4 (eftir 8 ár)	14-2
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur E1	15-1
Talmeinafræðingur/Listmeðferðarfræðingur E2	16-1

Vegna breytinga og þróunar á starfssviði starfsfólks í Visku á Landspítala geta orðið til ný störf sem þarf að raða sérstaklega.

Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 7 hér á eftir.

6 Krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun

Ef **gerð er krafa** um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur
- Meistaragráða (90 – 120 einingar) = 2 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

7 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Álag fyrir persónubundna þætti er umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingu á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

7.1 Viðbótarnám umfram grunnkröfu starfs sjá nánar fylgiskjal 1 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki	
30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir	1 þrep
60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir	2 þrep
Meistarapróf (90-120 ECTS)	4 þrep
Doktorspróf (180 ECTS)	6 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að sex álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms umfram grunnkröfu starfs, sbr. nánari skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2.

Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar við mat á námi.

7.2 Starfsþróun

Um starfsþróun fer samkvæmt gildandi reglum þar um.

7.3 Mat á sérstökum og/eða tímabundnum verkefnum

Starfsmaður sem er í varnarteymi á geðdeildum LSH samkvæmt ákvörðun raðast einu launaþrepi ofar en ella hafi hann lokið námskeiði á því sviði sem um er að ræða. Launaauki þessi fellur niður þegar starfsmaður hættir í varnarteymi.

8 Tímabundið álag

Heimilt er að greiða umbun umfram föst mánaðarlaun vegna sérstakra tímabundinna þátta, svo sem aukins álags, sbr. gildandi reglur fjármálaráðherra um greiðslu viðbótarlauna. Um forsendur, tímabil og verkefni sem geta leitt til greiðslna vegna tímabundinna þátta vísast til greinar 11.3.3.3 í kjarasamningnum og reglna fjármálaráðherra nr. 1432/2022 með síðari breytingum.

9 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

10 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2025.

Reykjavík, 16. september 2025

f.h. Landspítala

f.h. Visku

Fylgiskjal 1**Starfaflokkur**

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

Nánar um starfaflokkun sbr. 5. gr.

Háskólamenntaður starfsm. A: Störf sem ekki gera kröfu um starfsreynslu. Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á verkefnum undir verkstjórn annarra. Skipuleggur sín eigin daglegu störf. Veitir og meðtekur flóknar eða viðkvæmar upplýsingar, veitir ráðgjöf í tilvikum þar sem viðfangsefnið liggur ljóst fyrir. Viðmið: 1 ár í starfaflokki.

Háskólamenntaður starfsm. B: Hefur lokið grunnþjálfun í starfi og er með a.m.k. 1 árs starfsreynslu hjá LSH eða sambærilega starfsreynslu annars staðar frá. Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á verkefnum sem starfsmaður skipuleggur sjálfur. Veitir og meðtekur flóknar og/eða viðkvæmar upplýsingar. Tekur ákvarðanir sem byggja á flóknum staðreyndum eða aðstæðum, sem krefjast greiningar, túlkunar og samanburðar margra valkosta. Tileinkar sér settar verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar í eigin starfi og tekur virkan þátt í þróunar- eða umbótarstarfi á sínu starfssviði. Viðmið: 1 árs starfsreynslu þarf til að fara inn í starfaflokk.

Háskólamenntaður starfsm. C: Er vel fær og reyndur í starfi og starfar sjálfstætt. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem þeim fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Starfið felur í sér frumkvæði og þróun faglegs verklags á verkefnum/einingu/deild. Í starfinu getur falist þátttaka í ákvörðunum er varða málefni LSH, s.s. þróun verklagsreglna eða umbótarstarfs sem nær út fyrir eigið starfssvið. Viðmið: 2 ára starfsreynslu þarf til að fara inn í starfaflokk.

Háskólamenntaður starfsm. D:

Hefur mjög góða og víðtæka þekkingu. Getur tekist á við flókin sérhæfð verkefni. Er leiðandi og hefur frumkvæði að uppbyggingu skilgreinds verklags. Hefur faglega ábyrgð/umsýslu með verkefnum og/eða málaflokki eða hefur með höndum stjórnun verkefna innan deildar/hóps starfsmanna. Starfið getur falist í þátttöku í stjórnun, stefnumótun eða áætlanagerð, eftir því sem við á, og ráðgjöf, þróun, innleiðingum nýjunga eða gæðastarfi á sínu sérsviði. Einnig getur starfið falist í þátttöku í kennslu, þjálfun í nemendaverkefnum, rannsóknaverkefnum eða sambærilegu. Gerð er krafa um að starfsmaður sýni frumkvæði og sjálfstæði í störfum, góða

skipulagshæfni ásamt getu til að gera áætlanir og fylgja þeim eftir.
Viðmið: 5 ára starfsreynsla þarf til að fara inn í starfaflokk.

Verkefnastjóri 1:

Starfar sjálfstætt (að) og hefur umsjón með verkefnum innan deildar/einingar/sviðs.

Starfið gerir kröfu um frumkvæði og forystu um framþróun verkefna og gerir kröfu um getu til að halda mörgum boltum á lofti.

Starfið felur í sér virka þátttöku í þróunar- og umbótastarfi og krefst frumkvæðis og stöðugar þekkingaröflunar.

Starfið getur falist í þátttöku í stjórnun, stefnumótun eða áætlanagerð.

Ráðgjöf, þróun, innleiðingum nýjunga eða gæðastarfi á sínu sérsviði.

Starfið felur í sér virka þátttöku í þróunar og umbótastarfi og krefst frumkvæðis og stöðugar þekkingaröflunar.

Að lágmarki 2 ára fagreynsla er skilyrði.

Verkefnastjóri 2:

Hefur faglega ábyrgð/umsjón með verkefnum og/eða málaflokki eða hefur með höndum stjórnun verkefna. (innan deildar/hóps starfsmanna.)

Starfið getur falist í teymisstjórnun, verkefnastýringu, þátttöku í stjórnun, stefnumótun eða áætlanagerð, eftir því sem við á, sem og ráðgjöf, þróun, og innleiðingum nýjunga eða gæðastarfi á sínu sérsviði.

Er leiðandi í verkefnum sem geta náð til annarra deilda og/eða sviða. Starfið krefst framúrskarandi þekkingar og reynslu á vel skilgreindu fagsviði og felur í sér faglega forystu og leiðbeiningarskyldu gagnvart öðru starfsfólki.

Í starfinu felst framþróun á fagsviði innan Landspítala og starfið felur einnig í sér skyldu til að viðhalda afburða þekkingu og miðla henni áfram.

Starfið uppfyllir kröfur starfaflokks Verkefnastjóri 1, en verkefnin sem um ræðir eru víðtækari, sjálfstæðari og meiri ábyrgð.

Vottaður verkefnastjóri með vottun A, B eða C raðast að lágmarki sem verkefnastjóri 2.

Að lágmarki 5 ára fagreynsla.

Verkefnastjóri 3:

Er leiðandi aðili með afar mikilvæga lykilþekkingu á sínu sviði og með umfangsmikla reynslu.

Hefur faglega ábyrgð/umsjón með umfangsmiklum verkefnum á tilteknu sviði eða starfseiningu, eða ber ábyrgð á stórum málaflokki og/eða stýrir safni verkefna sem geta gengið þvert á spítalann.

Tekur þátt í stjórnun, stefnumótun eða áætlanagerð, eftir því sem við á, og sinnir ráðgjöf, þróun, innleiðingum nýjunga eða gæðastarfi á sínu sérsviði.

Verkefnastjóri 3 hefur faglega ábyrgð á breiðu fagsviði eða fleiri en einu fagsviði.

Starfið uppfyllir kröfur starfablokks Verkefnastjóri 2, en verkefnin sem um ræðir eru víðtækari, sjálfstæðari og meiri ábyrgð. Að lágmarki 7 ára fagreynsla er skilyrði.

Deildarstjóri:

Stjórnandi með þrípætta ábyrgð samkvæmt nánari tilgreiningu í starfslýsingu.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur varðandi mat á viðbótarmenntun

Viðbótarnám/-menntun umfram grunnkröfu starfs – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplómapróf:** Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem er umfram grunnkröfu starfs og nýtist í viðkomandi starfi sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum eða 360 kennslustundum hækkar um eitt þrep til viðbótar. Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep.
- **Meistarapróf:** Starfsmaður með 90-120 ECTS eininga meistarapróf umfram grunnkröfu starfs, hækkar sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi er fjögur þrep.
- **Doktorspróf:** Starfsmaður með 180 ECTS eininga doktorspróf umfram grunnkröfu starfs í sínu fagi hækkar sem nemur sex þrepum ef námið nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur ekki til viðbótar launahækkunar vegna doktorsprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi. Hámarkshækkun við mat á doktorsprófi er sex þrep.

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til yfirmanns.

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl.
- b. Afrit af skjali sem sýnir fram á þátttöku viðkomandi skal senda til yfirmanns.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- d. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- e. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga er metið af yfirmanni.
- f. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

Undirritunarsíða

Fh. Visku
Júlíana Guðmundsdóttir

Fh. Visku
Katrín Björg Ríkarðsdóttir

Fh. Landspítala
Atli Atlason

Fh. Landspítala
Sóley Snædís Stefánsdóttir